



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur  
Borgartún 12 – 14  
105 Reykjavík

**Efni: Beiðni um umsögn um tillögu varðandi loftgæðamæla við leikskóla**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 20. mars 2023 var svohljóðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur:

Skóla- og frístundaráð samþykkir að koma fyrir loftgæðamæli við þá leikskóla sem standa við eða nærri stofnbrautum í Reykjavík til að tryggja að börn andi ekki að sér heilsuspillandi svifryki þegar svifryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

Meðfylgjandi tillaga ásamt greinargerð er hér með send Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist innan 21 dags frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 6. febrúar 2023

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

### ***Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um loftgæðamæla við leikskóla sem standa nærri stofnbrautum í Reykjavík***

Skóla- og frístundaráð samþykkir að koma fyrir loftgæðamæli við þá leikskóla sem standa við eða nærri stofnbrautum í Reykjavík til að tryggja að börn andi ekki að sér heilsuspillandi svifryki þegar svifryksmengun fer yfir heilsuverndarmörk.

#### **Greinargerð:**

Fram kom í Kastljóspætti RÚV í liðinni viku að leikskólar sem staðsettir eru við stofnbrautir eða í nágrenni þeirra þurfa að halda börnum æ oftar inni vegna svifryksmengunar. Mikilvægt er að leikskólar búi yfir öruggum og óháðum upplýsingum um það þegar svifryk fer yfir heilsuverndarmörk til að geta brugðist við og gert viðeigandi ráðstafanir. Það er ekki boðlegt að leikskólustjórar sjálfir þurfi að meta ástandið út frá mælum sem staðsettir eru fjarri leikskólunum.

Samhliða því þarf að vinna í mótvægisáðgerðum til að bæta loftgæði og draga úr svifryksmengun við leikskólana enda eiga börn allaf að njóta vafans. Í 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna segir að börn eiga rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.

Oftar en ekki sér heilbrigðiseftirlitið sig knúið til að vara borgarbúa við of mikilli loftmengun og þeir sem eru viðkvæmir í lungum eða með undirliggjandi öndunarfarasjúkdóma er ráðlagt að halda sig innan dyra. Leikskólar sem eru í nágrenni við stofnbrautir þurfa æ oftar að halda börnum inni vegna svifryksmengunar.

Samkvæmt loftgæðaskýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu má rekja allt að 60 ótímabær dauðsföll til svifryksmengunar á Íslandi árlega. Þá er sömuleiðis talið að samband sé á milli notkunar hjarta- og astmalyfja og loftmengunar í Reykjavík.

Reykjavíkurborg ber að tryggja börnum heilnæmt umhverfi á starfsstöðvum sínum og því brýnt að tillagan verði samþykkt hið fyrsta svo hægt verði að koma upp loftgæðamælum sem fyrst við leikskólana.

Skóla- og frístundasvið  
b.t. Helga Grímssonar sviðsstjóra  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16. maí 2023  
Tilvísun: 2023050102

## Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu varðandi loftgæðamæla við leikskóla

Vísað er til bréfs skóla- og frístundasviðs dags. 21. mars 2023 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um tillögu varðandi loftgæðamæla við leikskóla. Meðfylgjandi umsagnarbeiðninni er tillaga sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs 20. mars 2023 ásamt greinargerð. HER farið yfir gögnin og gerir eftirfarandi umsögn.

HER á og rekur í dag tvær færanlegar loftgæðafarstöðvar sem uppfylla allar kröfur reglugerða er varðar gæði gagna. Þær eru færðar milli staða í borginni til að kortleggja og vakta loftgæði. Þeim hefur oft verið fundinn staður við skóla og leikskóla í borginni en einnig við aðra útsetta staði sem þarf að skoða sérstaklega. Þessar stöðvar þurfa að vera að lágmarki eitt ár á hverjum stað til að safna fullnægjandi gögnum. Önnur stöðin er nú staðsett við leikskólann Lund við Klepp og er þá verið sérstaklega að horfa til þess að meta hugsanlega mengun frá hafnarsvæðinu og Sætbraut. Stöðin verður þar a.m.k. eitt ár í viðbót. Hin farstöðin er við Vesturbærjarlaug en stefnt er að því að flytja hana í sumar á útsett svæði. HER hefur ekki fleiri stórar loftgæðamælistöðvar til reiðu og ekki er gert ráð fyrir kaupum á fleiri stöðvum í fjárhagsáætlun.

Umhverfisstofnun (UST) er einnig með fastar mælistöðvar við Grensásveg og í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Stöðin við Grensásveg á að endurspegla verstu loftgæði í borginni meðan stöðin í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á að endurspegla bakgrunnsgildi inni í íbúðarhverfum. HER fylgist náið með loftgæðum og horfir þá til eigin stöðva og stöðva UST við mat á ástandinu. Byggt er á fyrri mælingum við mat á dreifingu mengunar og er það tekið inn í mat og spár um loftgæði. Bendi mælingar til þess að loftmengun sé að fara yfir heilsuverndarmörk og/eða sé líkleg til að gera það næstu daga þá er send út tilkynning til viðvörunar. Þar er sérstaklega tekið fram að forðast skuli útivist í nágrenni við umferðarþungar götur. Þessar tilkynningar eru sendar á alla skóla, leikskóla, dagmæður og íþróttafélög svo þær stofnanir eða aðilar sem starfa á útsettum svæðum fái skilaboðin og geti brugðist við með því að halda börnum inni.

HER hefur einnig tekið þátt í verkefni með fyrirtækinu ReSource þar sem settir hafa verið upp litlir loftgæðamælar víðsvegar um borgina, aðallega á skóla og leikskóla. Mælarnir eru ekki af sömu gæðum og stórar mælistöðvar en geta gefið ágæta vísbendingu um stöðu loftgæða á hverjum stað. Þeir mælar sem fengnir voru fyrir þetta verkefni eru bundnir á þeim stöðum og hefur HER því enga slíka mæla á lausu. Síðasti mælirinn verður settur upp á Ævintýraborgir við Eggertsgötu vegna loftmengunar frá flugvelli. Verkefnið varir í tvö ár og er fyrra árinu að ljúka. Mælar eru því á eftirfarandi stöðum:

- Grandaskóla
- Hamraskóla
- Klébergsskóla
- Vesturbæjarskóla
- Norðlingaskóla
- Leikskólanum Geislabaugi
- Við bráðabirgðaleikskóla í Kringlunni 1-3
- Ævintýraborgir við Eggertsgötu

Upp hafa komið vandamál og bilanir en flestir mælanna eru í gangi núna. Ekki hefur verið farið í að kynna mælinetið opinberlega ennþá vegna ákveðinna skekkjuþátta sem verið er að vinna með. Skólastjórnendur hafa fengið slóð á kort með mælistöðvunum sem þeir geta deilt með foreldrum en þar er hægt að fylgjast með loftgæðum í rauntíma.

HER bendir skóla- og frístundasviði á að í boði eru fjölmargar gerðir af litlum loftgæðamælum sem unnt er að setja upp með litlum tilkostnaði. Slíkir mælar eru gjarnan á kostnaðarbilinu 60-150.000 kr. HER lýsir sig reiðubúið til að vera skóla- og frístundasviði til ráðgjafar hyggist það ráðast í kaup á slíkum mælum til að vakta loftgæði við leikskóla og ennfremur aðstoða við uppsetningu og vöktun.

Virðingarfyllt  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri